



Fréttatilkynning  
27 June 2026 13:55:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar – ný umferð endurkaupa

Vísað er til fyrri tilkynningar Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn) um framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum að fjárhæð 15 milljarðar króna, sem tilkynnt var um 16. febrúar 2026 og hófst 17. febrúar sl. Tilkynnt var um lok þeirrar umferðar 16. mars 2026. Þá er vísað til tilkynningar bankans dags. 10. apríl 2026 um frekari framkvæmd endurkaupa en þeirri umferð lauk 15. maí 2026. Loks er vísað til tilkynningar bankans dags. 26. maí 2026 um frekari framkvæmd endurkaupa og tilkynningar þann 25. júní 2026 um lok þeirrar umferðar. Bankinn hyggst nú halda áfram framkvæmd framangreindrar endurkaupaáætlunar í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutfé bankans eða til að uppfylla skuldbindingar bankans samkvæmt kaupréttarsamningum við starfsfólk hans, og vegna greiðslu kaupauka, í samræmi við starfskjarastefnu bankans.

Samþykkt og útgefið hlutfé bankans nemur 1.753.175.393 almennra hluta, þar sem hver hlutur er jafnvirði fimm króna. Við dagsetningu tilkynningar þessarar á bankinn 77.418.256 eigin hluti.

Að þessu sinni er áætlað að kaupa allt að 30.000.000 hluti sem jafngildir um 1,71% af útgefnu hlutfé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 3.950.000.000. Endurkaupin hefjast 29. júní 2026 næstkomandi og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 30. september 2026.

Verð fyrir hvern keyptan hlut skal að hámarki vera hæsta verð í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Kaup hvers dags munu að hámarki nema 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf í bankanum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland í maímánuði 2026.

Endurkaupin verða framkvæmd af Arion banka hf. sem tekur ákvarðanir um kaup á hlutfé fyrir hönd bankans og tímasetningu viðskipta óháð Íslandsbanka.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutfélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglur nr. 1290/2025 um sama efni. Samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.

Viðskipti með hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða tilkynnt í síðasta lagi í lok sjöunda viðskiptadags eftir að viðskiptin fara fram.

*Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi endurkaupaáætlunina sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.*



Fréttatilkynning  
27 June 2026 13:55:00 GMT

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)

Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

**Viðhengi**

[Íslandsbanki hf.: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar – ný umferð endurkaupa](#)